

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 136/216
komudagur 25.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2008.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 114. mál.

Í frumvarpinu felast tvær breytingar á lögnum um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi er lagt til að geyma megi 33% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafsækju, humars og síldar til næsta fiskveiðiárs. Núgildandi ákvæði heimilar að 20% aflamarksins séu geymd til næsta fiskveiðiárs. Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að veiða 5% umfram aflamark í humri sem verður þá dregið af úthlutun næsta fiskveiðiárs, en samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að veiða umfram aflamark í humri.

Sjómannasamband Íslands leggst síður en svo gegn a. lið 1. gr. frumvarpsins um að auka það sem geyma má af aflamarki til næsta fiskveiðiárs úr 20% í 33%. Hins vegar er rétt að benda á að þetta ákvæði hefur alla tíð verið óvirkt þar sem farið hefur verið fram hjá ákvæðinu með flutningi aflamarks milli skipa. Útgerð sem hefur verið í þeirri stöðu að þurfa að geyma meira en 20% aflamarks einstakra tegunda til næsta fiskveiðiárs hefur einfaldlega flutt aflamark til annars skips til geymslu. Í upphafi næsta fiskveiðiárs er síðan aflamarkið flutt aftur til baka. Spurningin er því hvort hafa þurfi hámark á því aflamarki sem geyma má milli fiskveiðarár þegar hvort sem er er ekkert farið eftir ákvæðinu.

Sjómannasamband Íslands tekur undir þá breytingu sem felst í b. lið 1. gr. frumvarpsins um að heimilt verði að veiða 5% umfram aflamark humars, enda verði það dregið frá úthlutun aflamarks á næsta fiskveiðiári.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson